

Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um mat á menntun innflytjenda.

Frá Línéik Önnu Sævarsdóttur.

1. Hvaða stofnanir á málefnasviði ráðuneytisins koma að mati á menntun innflytjenda?
2. Hverjar eru skyldur framhaldsskóla við mat á námi innflytjenda?
3. Hverjar eru skyldur framhaldsskóla til að leiðbeina fólki með prófgráður frá erlendum skólum um leiðir til að bæta við sig námi til að öðlast starfsréttindi hér á landi?
4. Hverjar eru skyldur framhaldsskóla til að bjóða upp á námskeið eða námsleiðir sem fólk með menntun frá erlendum skólum kann að vanta til að öðlast starfsréttindi hér á landi?

Munnlegt svar óskast.